

Reglur um starfsemi leikskóla í Sveitarféluginu Hornafirði

Leikskólar Sveitarfélagsins Hornafjarðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og menntastefnu sveitarfélagsins. Leikskólastarf er rekið í leikskólunum Sjónarholi á Höfn og Lambhaga í Hofgarði. Þessar reglur gilda fyrir báða skólana. Í viðauka eru sett fram sérákvæði um leikskólann Lambhaga.

Fyrsta skólastigið

Sveitarfélagið leggur áherslu á að börn geti hafið leikskólagöngu við 12 mánaða aldur. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og leikskólagangan er mikilvægur áfangi á menntabrautinni. Vel þarf að hlúa að menntun og umönnun barna alla skólagönguna og er gott samstarf foreldra og starfsfólks leikskólans lykillinn að vel heppnaðri skólagöngu.

1. Umsókn og innritun

Í leikskólum sveitarfélagsins dvelja börn á aldrinum 1 – 6 ára. Í leikskólanum Sjónarholi er sveigjanleg deildarskipting. Börnum er skipt niður á deildir eftir aðstæðum hverju sinni og tekið er tillit til aldurs og fjölða barna í árgangi, fjölða starfsmanna og plássi á deildum. Sótt er um leikskóladvöl í íbúagátt sveitarfélagsins á heimasíðunni; www.hornafjordur.is. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu á að umsókn hafi verið móttokin. Sækja má um vist í leikskóla um leið og kennitala barns hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, að því tilskyldu að pláss séu laus á viðkomandi deild sjá þó 4. gr. um forgang.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

- Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að það eigi lögheimili í sveitarféluginu og að foreldrar séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda. Fjármálasviði sveitarfélagsins er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að heimilt er að segja upp leikskóladvöl barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.
- Foreldrar sem hyggjast flytja í sveitarfélagið geta sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað dvöl fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar tilkynna skólaskrifstofu sérstaklega um lögheimilisflutninginn. Geti foreldrar staðfest fyrirhugaðan flutning geta börn fengið úthlutað plássi að því tilskyldu að búið sé að flytja lögheimili þegar barn á að hefja leikskólagönguna.
- Hægt er að sækja um leikskóladvöl vegna tímabundinnar dvalar barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum og er þá farið eftir viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags, <https://www.samband.is/verkefnin/fraedslumal/leikskoli/vidmidunarreglur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

3. Úthlutun og uppsögn leikskólarýma - upplýsingagjöf

Aðalinnritun barna fer fram í apríl/maí og þá er úthlutað leikskólarýmum þeirra barna sem útskrifast. Leikskóladvöl barna hefst að jafnaði á tímabilinu ágúst til september með fyrirvara um laus pláss. Lausum plássum, eftir aðalinntöku, er úthlutað jafnt og þétt eftir innritunarreglum.

- Þegar barni hefur verið úthlutað leikskóladadvöl tilkynnir leikskólastjóri/deildarstjóri foreldrum hvenær barnið getur hafið skólagöngu sína. Að öllu jöfnu er það með a.m.k. 4 vikna fyrirvara.
- Barn skal hefja leikskólagöngu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að leikskóladadvöl hefur verið úthlutað. Hefji barnið ekki leikskólagöngu innan þess tíma er plássinu úthlutað til þess barns sem næst er á biðlista. Sé pláss afþakkað þarf viðkomandi í öllum tilvikum að senda inn nýja umsókn.
- Í viðtali við upphaf leikskóladvalar barns er farið yfir reglur um leikskóla og foreldrahandbók. Foreldrar staðfesta með undirritun sinni á þar til gert viðtalsblað að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og reglur leikskólanna í sveitarfélaginu og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.
- Uppsögn eða ósk um breytingar á skólatíma skal miða við 20. hvers mánaðar. Uppsagnar- eða breytingafrestur miðast við tvær vikur. Uppsögn skal vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.
- Þegar barn útskrifast þarf að útfylla uppsagnareyðublað og skila fyrir 20. apríl.

4. Forgangur að leikskóla

- Börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða henni lokið.
- Langveik börn eða börn sem búa við alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlim. Vottorð frá lækni eða öðrum þar til bærum aðilum skal fylgja umsókn.
- Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi og skal þá fylgja staðfesting frá félagsmálayfirvöldum.
- Börn foreldra sem eru undir lögaldri (18 ára).
- Börn starfsmanna viðkomandi leikskóla svo framarlega sem foreldrar séu í skilum við sveitarfélagið sbr. skilyrði fyrir leikskóladadvöl.
- Beiðni um forgang skal berast sviðsstjóra. Sviðsstjóri, leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri fara yfir og meta umsóknir um forgang.

5. Opnunartími – skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Árlegur starfstími leikskólanna er ellefu mánuðir. Á tímabilinu júlí – ágúst eru skólarnir lokaðir samfellt í 20 virka daga eða 4 vikur. Auk þess eru 20 skráningardagar á skólaárinu sem greiða þarf sérstaklega fyrir. Foreldrar þurfa að skrá börn sín í leikskólann á skráningardögum að öðrum kosti er litið svo á að barnið mæti ekki. Skráningardagar eru kynntir sérstaklega á leikskóladagatali hvers árs og foreldrar minntir á að það þurfi að skrá börnin á þá með a.m.k. 5-6 vikna fyrirvara.

- Leikskólarnir starfa 5 virka daga í viku. Sjónarhóll starfar frá klukkan 7:45 – 16:15, þar er hægt að velja upphaf skóladags kl. 08 eða kl. 09 og börn geta dvalið þar í 4–8½ klukkustund. Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulags- og námskeiðsdaga. Þessir dagar eru skipulagðir í samvinnu við grunnskólann eins og kostur er. Leikskólar eru lokaðir 24. og 31. desember. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.
- Foreldrum ber að virða þann tíma sem barni er úthlutað en hann miðast við að barn komi og sé sótt á þeim tíma sem um ræðir. Sé barn með skólatíma t.d. frá kl. 8:00 – 16:00 en mætir oftast 5-10 mínútur fyrir eða sækir barn 5 – 10 mínútur yfir heila tímann, þá greiða foreldrar fyrir viðbótar korter.
- Komi foreldrar ítrekað of seint að sækja barn sitt miðað við skilgreindan skólatíma, skulu þeir greiða fyrir það sem svarar einni klukkustund samkvæmt gjaldskrá, að undangenginni aðvörun. Foreldrar fá skriflega aðvörun eftir að hafa komið þrisvar

sinnum of seint að sækja barn og aukagjaldi verður bætt við næsta innheimtuseðil.

6. Leikskólagjöld og afsláttur

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir yfir 90% kostnaðar við dvöl barna í leikskólum þess. Foreldrar greiða hinn hluta kostnaðarins í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokölluð dvalargjöld. Einnig greiða þeir hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börn fá í leikskólum, svokölluð fæðisgjöld. Dvalargjöld og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld. Á innheimtuseðli kemur fram kostnaður vegna skólatíma annars vegar og fæðis hins vegar. Greiða skal fyrir allt fæði, sem fram er borið á skólatíma hvers barns.

- Fyrsti innheimtuseðill miðast við þann dag sem barn hefur verið boðað í aðlögun.
- Veittur er systkinaafsláttur með eftirfarandi hætti: 50% af grunngjaldi með öðru barni og 100% af grunngjaldi með börnum umfram tvö. Afsláttur reiknast á eldra barn.
- Einstæðir foreldrar fá 30 % afslátt af leikskólagjaldi en greiða hins vegar fullt fyrir fæði barna sinna.
- Óski foreldrar eftir því að taka barn sitt úr leikskóla um skeið verður að greiða öll skólagjöld til að tryggt sé að barnið haldi plássinu.
- Mögulegt er að sækja um undanþágu frá greiðslu fæðis ef barn er utan leikskóla samfellt í 10 skóladaga eða lengur. Greiðsluseðlar eru sendir út fyrirfram þannig að foreldrar verða að láta vita fyrir 20. hvers mánaðar ef börn þeirra eiga ekki að vera í mat á næsta tímabili.
- Komi upp alvarleg veikindi hjá börnum um lengri tíma er hægt að sækja um niðurfellingu leikskólagjalda til skólaskrifstofu.
- Greitt er sérstaklega fyrir skráningardaga skv. gjaldskrá.
- Þeir foreldrar sem sækja námskeiðið *Færni til framtíðar, uppledji sem virkar* frá og með 15. mars 2022 geta sótt um að fá leikskólagjöld niðurfelld í einn mánuð gegn framvísun skírteinis frá námskeiðshöldurum.

Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingar á högum sínum s.s.breytt heimilisfang, símanúmer, breytingu á vinnustað foreldrís og hjúskaparstöðu.

7. Innheimta leikskólagjalda

- Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Gjalddagi er í upphafi mánaðar og eindagi 15 dögum síðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólarnir eru lokaðir vegna sumarleyfa.
- Séu gjöld ógreidd 5 dögum eftir eindaga eru kröfur sendar til innheimtufyrirtækis með tilheyrandi kostnaði og greiðandi fær senda innheimtuviðvörun. Séu gjöld enn ógreidd 15 dögum eftir eindaga er skuldara sent fyrsta innheimtubréf, annað bréf 25 dögum eftir eindaga og þriðja bréf 35 dögum eftir eindaga (lokaviðvörun).
- Veittur er 15 daga frestur til greiðslu eða samninga frá dagsetningu lokaviðvörunar.
- Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur er krafa send í löginnheimtu.

8. Veikindi og smithætta

- Óheimilt er að hafa veikt barn í leikskóla. Börn skulu vera minnst 1–2 daga heima hitalaus eftir veikindi. Við ákvörðun um inniveru eftir veikindi skal farið eftir reglum viðkomandi leikskóla.
- Fái barn smitandi sjúkdóm, s.s. hlaupabólu, fimmtu veikina eða annað sem smitast á milli manna s.s. njálg, lús, kossageit, augnsýkingu, verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Lúasmit og njálg ber að tilkynna til leikskóla og heilsugæslu.
- Greinist barn með óþol, ofnæmi, astma eða annað sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í

leikskóla skal skila læknisvottorði því til staðfestingar.

- Foreldrar skulu láta starfsfólk vita ef barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða einhvers annars.

9. Viðauki - gildir fyrir leikskólann Lambhaga í Hofgarði

- Leikskólinn Lambhagi starfar frá klukkan 8:30-16:30 og börn geta dvalið þar 4-8 klukkustundir.
- Ekki er boðið upp á skráningardaga í Leikskólanum Lambhaga og er hann lokaður sem samsvarar þeim 20 dögum sem skráningardagar eru á Sjónarhól m.a. í jóla-, páská- og vetrarfríum grunnskólans auk þess að vera með lengri sumarlokun.
- Leikskólinn fær úthlutað sex skipulags- og námskeiðsdögum á ári og skal a.m.k. einn af þeim unninn eftir sumarfrí áður en börnin byrja í skólanum.

Samþykkt í bæjarstjórni 11. apríl 2024.

*Sigurjón Andrésson
bæjarstjóri*